



ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

Samþykktir

Nafn félags, heimili og tilgangur

- 1.gr Nafn samtakanna er Íslenskur Toppfótbolti – samtök félaga með lið í efstu deildum í knattspyrnu, stofnuð 3. febrúar 2011. Hér eftir nefnd ÍTF.
- 2.gr Heimili samtakanna er í Laugardal, 104 Reykjavík.
- 3.gr Tilgangur samtakanna er:
 - a. að skapa aðildarfélögum ÍTF sem best rekstrarskilyrði og stuðla að vexti og framgangi íslenskrar knattspyrnu.
 - b. að verða viðurkennd af Knattspyrnusambandi Íslands sem hagsmunasamtök fyrir félög í efstu deildum í knattspyrnu á Íslandi
 - c. að vera aðili að alþjóðlegum deildarsamtökum í knattspyrnu
 - d. að skipuleggja mótahald í efstu deildum í knattspyrnu á Íslandi í samráði við KSÍ
 - e. að sjá um sameiginlega hagsmunagæslu aðildarfélaga ÍTF, þ.m.t. samningsgerð vegna markaðs- og sjónvarpsréttinda sem og annarra fjárhagslegra réttinda og að miðla þekkingu til aðildarfélaga ÍTF
 - f. að tryggja að fjárhagslegur ávinningur af starfi samtakanna skil sér til aðildarfélaga ÍTF á hverju rekstrarári.
 - g. að fjárhagslegur ávinningur af starfi samtakanna sem rennur til aðildarfélaga ÍTF skili sér til þeirra í samræmi við söluandvirði hvers kyns réttinda hvorrar deildar fyrir sig sem seld eru, nema annað sé samþykkt af aðalfundi með 2/3 atkvæða.
- 4.gr Öll félög sem eiga lið í efstu og 1. deild karla og/eða kvenna í upphafi hvers tímabils eiga rétt á aðild að ÍTF, þó með þeim takmörkunum að þau félög sem unnu sér rétt til að spila í 1. deild karla og/eða kvenna árið á undan, og hafa sótt um aðild að ÍTF að loknu því keppnistímabili, skal ekki eiga atkvæði um mál sem varðar uppgjör þess tímabils er það vann sér þátttökurétt.
- 5.gr Frá samþykkttri umsókn sbr. 6.gr. skuldbindur aðildarfélag sig til þess að vera aðili að ÍTF svo lengi sem viðkomandi félag er í efstu eða 1.deild karla eða kvenna. Falli félag úr 1. deild karla/kvenna fellur aðild þess félags sjálfkrafa úr gildi.
- 6.gr Félag telst aðildarfélag að ÍTF þegar umsókn þess hefur verið samþykkt af stjórn ÍTF.
- 7.gr Aðildarumsókn skal skila inn skriflega til framkvæmdastjóra ÍTF í síðasta lagi fyrir fyrsta aðalfund eftir að réttur til aðildar stofnast sbr. 4. gr. Aðildarfélög sem hafa verið samþykkt inn í ÍTF sbr. 6. gr. og halda rétti til aðildar sbr. 4. gr. þurfa ekki að sækja um aðild ár hvert heldur helst aðild þeirra óbreytt þar til réttur til hennar tapast.

Skyldur aðildarfélag ÍTF

8.gr. Aðildarfélag ÍTF skuldbindur sig til

- a) að vera ekki aðili að samtökum knattspyrnufélaga sem ekki eru samþykkt að Knattspyrnusambandi Íslands (KSÍ) eða UEFA.
- b) að vinna að markmiðum og tilgangi samtakanna í hvívetna sem og að hlýta ákvörðunum sem teknar eru af samtökunum hvað aðildarfélögin varða.
- c) að vera virkir þátttakendur í starfi ÍTF og taka þátt í ákvarðanatöku þeirra.
- d) að vinna að heilindum með ÍTF og aðildarfélögum samtakanna sem og að sýna í hvívetna virðingu í samskiptum sínum.
- e) að hlýta ákvörðunum félagsfunda og starfa í samræmi við ákvarðanir þeirra.
- f) að hlýta samþykktum þessum sem og öðrum lögum og reglugerðum er ÍTF ber að hlýta í starfsemi sinni ásamt þeim samningum sem ÍTF er aðili að.
- g) Samningur er gerður á milli ÍTF og hvers aðildarfélags og ber hverju aðildarfélagi að undirrita þann samning til þess að njóta þeirra réttinda og tekna sem sameiginlega nást á vettvangi ÍTF.

Félagsfundir ÍTF

9.gr. Félagssfundir hafa æðsta vald um málefni samtakanna. Félagssfundir eru annars vegar aðalfundir og hins vegar aukafundir.

10. gr Aðalfund skal halda einu sinni á ári, eigi síðar en viku fyrir ársþing KSÍ ár hvert. Stjórn ÍTF ákveður staðsetningu aðalfundar og þingtíma. Skal stjórn ÍTF boða til fundar með tölvupósti, nema aðildarfélag hafi óskað sérstaklega eftir boðun bréflaga, með minnst tveggja vikna fyrirvara. Ætíð skal boða stjórnarmenn ÍTF, framkvæmdastjóra og endurskoðendur ÍTF á aðalfundinn. Auk þess er stjórn ÍTF heimilt að bjóða til aðalfundar gestum sem ávarpa mega fundinn.

11.gr.Á aðalfundi skal ávallt leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda og skoðunarmanna ÍTF.

12.gr Rétt til setu á félagsfundi hafa fulltrúar aðildarféлага ÍTF. Framkvæmdastjóri ÍTF skal senda kjörbréf til aðildarféлага viku fyrir aðalfund. Aðeins sá, sem skráður er á kjörbréf, sem staðfest hefur verið af framkvæmdastjóra aðildarfélags eða meirihluta stjórnar þess, telst fulltrúi félags á félagsfundi og fer með atkvæðisrétt þess.

13.gr Atkvæðamagn aðildarféлага á félagsfundi ÍTF ræðst af fjölda þátttökuliða þeirra í Íslandsmóti karla og/eða kvenna og fer hvert lið sem tekur þátt í deildarkeppni í tveimur efstu deildum karla og/eða kvenna með eitt atkvæði.

14.gr Dagskrá aðalfundar ÍTF er:

- a) Staðfesting á lögmati fundarins
- b) Kosning kjörbréfanefndar
- c) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- d) Skýrsla fráfarandi stjórnar ÍTF og ávarp gesta
- e) Staðfesta endurskoðaðan ársreikning ÍTF
- f) Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps á reikningsárinu
- g) Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
- h) Tillögur um breytingar á samþykktum ÍTF
- i) Ákvörðun félagsgjalds ÍTF
- j) Innkomnar tillögur
- k) Önnur mál löglega fram borin
- l) Kosningar
 - i. Kosning formanns
 - ii. Kosning varaformanns
 - iii. Kosning ritara
 - iv. Kosning annarra stjórnarmanna
 - v. Kosning endurskoðenda
 - vi. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- m) Aðalfundargerð borin upp til afgreiðslu

15.gr Tillögum fyrir aðalfund ÍTF, sem óskað er eftir að teknar verði fyrir á aðalfundi ÍTF, skulu berast til stjórnar ÍTF eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Stjórn ÍTF skal eigi síðar en fjórum dögum fyrir aðalfund senda aðildarfélögum ÍTF dagskrá þingsins og tillögur, sem þá hafa borist, sem og athugasemdir við þær.

16.gr Félagsfundur ÍTF er ekki ákvörðunarbær nema fulltrúar 2/3 hluta aðildarfélaga sæki fundinn. Til að málefni teljist samþykkt á félagsfundi þarf einfaldan meirihluta atkvæða nema öðruvísi sé kveðið á í samþykktum þessum. Sé aðalfundur ekki ákvörðunarbær skal boða til aukafundar. Aukafundur, sem þannig er haldinn er ákvörðunarbær í öllum tilvikum.

17.gr Aukafundi skal halda eftir ákvörðunum stjórnar hverju sinni. Ef átta eða fleiri aðildarfélög krefjast aukafundar, með skriflegum hætti, skal stjórn ÍTF boða til aukafundar, innan viku frá því að skrifleg krafa berst.

18.gr Að öllu leiti gilda sömu reglur um aukafundi og aðalfundi nema ákvæði um boðun og tímafresti skulu vera helmingi skemmri en boðun aðalfundar.

Stjórn ÍTF

19.gr Stjórn ÍTF skal skipuð sjö stjórnarmönnum. Formaður, varaformaður og ritari eru kjörnir sérstaklega til tveggja ára. Varaformaður er staðgengill formanns í verkum hans fyrir ÍTF. Stjórn skal staðfesta formann sem fulltrúa ÍTF í stjórn KSÍ fyrir ársþing KSÍ ár hvert, sem og varaformann sem er staðgengill formanns í stjórn KSÍ sé formaður forfallaður.

20.gr Formaður stjórnar ÍTF boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Stjórn ÍTF skal funda að jafnaði 10 sinnum yfir starfsárið.

21.gr Stjórn ÍTF ber ábyrgð á starfsemi samtakanna á milli aðalfunda og ber að vinna að heilindum að tilgangi og markmiðum samtakanna sbr. 3. gr. Stjórn sér einnig

um að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur og setja honum starfslýsingu.

22.gr Stjórnarfundur er ákvörðunarbær hafi allir stjórnarmenn verið boðaðir og ef hann er sóttur af meirihluta stjórnarmanna. Á stjórnarfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða

Kosning stjórnar ÍTF

23.gr Stjórn ÍTF er kosin á aðalfundi ÍTF á tveggja ára fresti og hafa allir fulltrúar aðildarfélaganna atkvæðisrétt. Kosning stjórnar ÍTF fer fram með eftirfarandi hætti:

a) Auk formanns, varaformanns og ritara sem kjörnir eru sérstaklega til tveggja ára í senn, skal kosið um 1 stjórnarmann til tveggja ára á sama ári og embættismenn stjórnar eru kjörnir og annað hvert ár um 3 stjórnarmenn til tveggja ára í senn.

24.gr Sá aðili sem býður sig fram til stjórnar skal hafa skrifleg meðmæli tveggja aðildarféлага auk staðfestingu þess félags sem viðkomandi býður sig fram fyrir. Framboð og meðmæli skulu berast framkvæmdastjóra ÍTF, með tölvupósti, minnst tveimur vikum fyrir aðalfund. Stjórn ÍTF skal eigi síðar en viku fyrir fund senda aðildarfélögum upplýsingar um innkomin framboð til stjórnar.

25.gr Hvert aðildarfélag innan ÍTF getur einungis boðið fram einn fulltrúa og þar með einungis átt einn fulltrúa í stjórn ÍTF.

26.gr Berist ekki nægjanlegur fjöldi framboða til að manna stjórnarsæti ÍTF áður en framboðsfrestur rennur út skal framkvæmdastjóri ÍTF hlutast til við að manna framboð til stjórnar fyrir aðalfund.

Framkvæmdastjóri ÍTF

27.gr Framkvæmdastjóri, er prókúruhafi, og annast daglegan rekstur ÍTF og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn ÍTF hefur sett honum. Hin daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn ÍTF eða félagsfundi.

28.gr Formaður ÍTF getur ekki verið framkvæmdastjóri samtakanna eða starfað sem slíkur.

Fjárhagsáætlun

29.gr Fjárhagsáætlun skal lögð fram á aðalfundi til samþykktar þ.m.t. áætlun um árlegt félagsgjald. Fjárhagsáætlun er háð samþykki félagsfundar. Komi til þess að ákvörðun rúmist ekki innan fjárhagsáætlunar skal framkvæmdastjóri sækja heimild til stjórnar og stjórn til félagsfundar telji hún þörf til þess.

Reikningar

30.gr Reikningar ÍTF eru almannaksárið.

31.gr Reikningar skulu undirritaðir af meirihluta stjórnar ÍTF og framkvæmdastjóra.

32.gr Endurskoðendur ÍTF skulu vera kjörnir á aðalfundi og skulu vera löggildir endurskoðendur og óháðir ÍTF.

Ágreiningsmál

33.gr Allur ágreiningur, deilur eða kröfur sem kunna að rísa vegna eða í tengslum við samþykktir þessar, hvað varðar túlkun þeirra og gildi skal reyna að leysa með stjórn og lögfræðingi ÍTF sem og lögfræðingi KSÍ. Ef ekki tekst að leysa ágreininginn í samræmi við framangreint innan 30 daga frá því að framangreindir lögfræðingar voru kallaðir til, getur hvor aðili fyrir sig farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um sammingsbundna gerðardóma. Krafa um slíkt skal lögð fram skriflega og skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal Héraðsdómur Reykjavíkur skipa oddamann.

Slit félagsins og breytingar á samþykktum

34.gr. Breytingar á samþykktum þessum eru háðar samþykki 2/3 atkvæða á félagsfundi. Sama á við um slit ÍTF.

Gildistaka

35.gr Samþykktir þessar öðlast gildi við samþykki þeirra á félagsfundi ÍTF 17.janúar 2023 og falla þá eldri samþykktir úr gildi.